

## AUGLÝSING um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

1. Bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 3. september 2013 og auglýsist su ákvörðun hér með tilvísun í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði á:

Bergstaðastræti milli Spítalastígs og Bjargarstígs,  
Þórgötu milli Týsgötu og Baldursgötu,  
Lokastíg milli Týsgötu og Baldursgötu,  
verði gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði II með tímajaldinu 120 kr. á klukkustund.

Almenn bílastæði á:

Bergstaðastræti milli Bjargarstígs og Baldursgötu,  
Hellusundi og Óðinsgötu milli Freyjugötu og Baldursgötu,  
Freyjugötu milli Óðinsgötu og Baldursgötu og  
Bjargarstíg milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu,  
verði gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði III með tímajaldinu 80 kr. fyrstu tvær klukkustundir og 20 kr. á klukkustund eftir það.

Almenn bílastæði á:

Pingholtssstræti milli Spítalastígs og Skálholtsstígs,  
Miðstræti og Laufásvegi milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs,  
Spítalastíg milli Pingholtssstrætis og Ingólfssstrætis og  
Grundarstíg milli Spítalastígs og Bjargarstígs,  
verði breytt úr gjaldsvæði III í gjaldsvæði II með tímajaldið 120 kr. á klukkustund.

2. Bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 27. september 2013 og auglýsist su ákvörðun hér með tilvísun í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði á lóð við Höfðatorg, Borgartúni 8-16A og Turninn, Katrínartúni 2 verði gjaldskyld.  
Settir verði upp miðamælar á svæðinu sem skilgreinist sem gjaldsvæði IV með tímajaldinu 120 krónur. Gjaldskylda verður mánudaga – föstudaga klukkan 8-16.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu.

*Borgarstjórin í Reykjavík, 29. október 2013.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2013